

Sigfúsarstofa

Annar fundur 2022

Stjórnarfundur haldinn gegnum Teams, 30. ágúst 2022 kl. 13:00. Mætt eru Stefán Bogi, Signý, Unnur, Sigrún (fyrir Rannveigu) og Baldur.

SBS setti fundinn, kynnti tillögu að dagskrá og kallaði eftir hvort athugasemdir væru gerðar við hana. Svo var ekki og var gengið til dagskrár.

Dagskrá:

1. Skýrsla formanns:

a) Fjárframlag 2022

Samkvæmt upplýsingum frá fjármálastjóra Múlaþings er fjárheimild Sigfúsarstofu á yfirstandandi ári kr. 844.560. Heimild fyrir 2022 samkvæmt gildandi fjárhagsáætlun.

b) Tengiliður Sigfúsarstofu hjá Múlaþingi

Fram kom að Óðinn Gunnar Óðinsson verður áfram tengiliður Sigfúsarstofu við sveitarfélagið, sem fulltrúi sveitarstjóra á Fljótsdalshéraði, þar til annað verður ákveðið og tilkynnt stjórn.

2. Handrit Sigfúsar Sigfússonar:

Fyrir fundinum lágu tölvupóstsamskipti UBK og SBS við Braga Þorgrím Ólafsson, fagstjóra handritadeildar Landsbókasafns Íslands, þar sem hann gerir grein fyrir þeim handritum Sigfúsar Sigfússonar sem varðveitt eru á Landsbókasafni. Einnig samskipti varðandi mögulegt samstarf við ritröðina Sýnisbók íslenskrar alþýðumenningar, en Bragi Þorgrímur er þar einn ritstjóra. Til stendur að taka málið upp á fundi ritstjóra og munu SBS og UBK verða upplýst um undirtektir þegar þær liggja fyrir.

Er einkum horft til handritsins Lbs 2585 4to, þar sem er að finna þrjár útgáfur af æviþáttum Sigfúsar frá hans eigin hendi. Einnig gæti komið til greina að láta fylgja í sömu bók einhver önnur styttri handrit, til dæmis Lbs 2587 4to.

Stjórn samþykkir að nýta allt að kr. 500.000 af fjárframlagi ársins 2022 til fyrstu skrefa varðandi útgáfu á völdum handritum Sigfúsar Sigfússonar, svo sem með því að ráða nema eða sjálfstætt starfandi fræðamannskju til verksins, með áframhaldandi vinnu í huga á komandi ári, fáist fjárheimildir til þess.

3. Skönnun ljósmynda:

SBS kynnti stöðu verkefnisins sem fjármagnað var með framlagi Múlaþings til Sigfúsarstofu 2021. Enn er verið að vinna í verkefninu. Búið er að skanna myndir úr Hróarstungu og Skriðdal og nærri búið að klára Hjaltastaðabínghá. Hefur verið að mestu verið unnið á yfirstandandi starfsári en fyrir framlag til stofunnar fyrir árið 2021. Heildarfjöldi mynda sem til eru er 5.862. Nú er búið að skanna rúmlega 1.500 þeirra. Ekki er sérstaklega gert ráð fyrir framlagi til þessa verkefnis 2022, nema eitthvað verði afgangur af

fé Sigfúsarstofu undir árslok. Formlegu uppgjöri þessa fyrsta hluta verkefnisins verður skilað fyrir áramót 2022.

4. Fjárhagsáætlun 2023

Fyrir fundinum lágu drög að fjárhagsáætlun fyrir 2023 og erindi til Múlaþings tengt henni. SBS kynnti drög að fjárhagsáætlun. Stjórn samþykkti drögin og fól formanni stjórnar að ganga frá fjárhagsáætluninni og meðfylgjandi bréfi og senda til Múlaþings sem fyrst.

5. Önnur mál

Önnur mál:

- a) Starfsreglur Sigfúsarstofu. SBS gerir tillögu um að starfsreglur, sem gert er ráð fyrir í stofnskrá, verði skoðaðar fyrir næsta fund og þá um leið einnig þóknun til stjórnarmanna fyrir fundarsetu, upphæð og fyrirkomulag innheimtu.
- b) Næsti fundur. Stefnt er á að halda fund 15. nóvember n.k., með fyrirvara um að ekki komi upp aðstæður sem kalla á breytingu, og er formanni falið að boða til hans

Annað ekki tekið fyrir á fundinum.

Fundargerð send út og staðfest í tölvupósti.

Fundi slitið 13.48.

Fundargerð ritaði Unnur B. Karlsdóttir.